

## Fundur skólaráðs Hofstaðaskóla 11. maí 2017

Mættir: Anna Þóra Jónsdóttir, Anna Ágústa Hauksdóttir, Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Sonja Lind Sigsteinsdóttir, Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir, Anna Laxdal, Margrét Harðardóttir, Sigurveig Sæmundsdóttir, Helga Margrét Pálsdóttir.

Dagskrá:

1. Skólaslit í 7. bekk verða 7. júní kl. 17.00 með samþykki skóladeildar og skólaráðs. Skólaslit hjá öðrum árgöngum verða 8. júní.
2. **Skóladagatal Hofstaðaskóla 2017-2018.** Skóladagatalið lagt fram og kynnt með gulum/skertum dögum og nemenda- og foreldrasamtalsdögum. Gulir/skertir dagar eru sex. Nemenda- og foreldrasamtalsdagur er í lok október og liggur að skipulagsdegi og helgi. Nemenda- og foreldrasamtalsdagur í janúar er í seinna lagi vegna fyrirlagningar lesfímiprófa og skipulags hjá Menntamálastofnun.
3. **Hljóðvist í matsal skólans.**  
Skólinn hefur óskað eftir að hljóðvistin í matsalnum verði lagfærð. Skólinn fékk hljóðverkfræðing til að skoða aðstæður. Hljóðverkfræðingurinn lagði fram tillögur að kostnaðaráætlun vegna vinnu við úttekt og tillögur að úrbótum. Tillögurnar hafa verið sendar Eignasjóði, sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs til afgreiðslu. Rætt um hávaðan í nemendum í matsal og hvernig hægt er minnka hann. Foreldrar hafa hug á að styðja fjárhagslega við skólann til að bæta úr hljóðvist í matsalnum.
4. **Í lok skólaárs – litið um öxl**
  - a) Mikilvægt að 7. bekkur hafi gang út af fyrir sig.
  - b) Óskað eftir að 5. og 6. bekkur fái að gista í skíðaferð eins og nemendur í Flataskóla og Sjálandsskóla.
  - c) Rætt um að á heildina litið hafi skólastarfið gengið vel í ár. Ró og festa yfir því sem verið er að gera. Gott að halda í hefðir.
  - d) Halda upp á 1000 daga hátíð í 6. bekk um leið og 100 daga hátíð í 1. bekk.
  - e) Gera meira af því að hafa vinabekki – tefla, fara í gönguferðir, eldri nemendur aðstoði yngri.
5. **Skólaárið 2017-2018**
  - a) Innritaðir nemendur í skólann eru 540
  - b) Búið er að ráða kennara í allar stöður
  - c) 40 ára afmæli skólans er 1. september nk. Krístrún hefur verið ráðin verkefnastjóri afmælishátíðar.
  - d) Kosið verður í nýtt skólaráð föstudaginn 12. maí nk.
  - e) Gert verður við húsið utanhúss og vonandi verður settur nýr stigi upp á tæknisvalir.
  - f) Ekki ákveðin stefna varðandi hversu lengi kennari er með bekk.
6. **Önnur mál:**
  - a) Sendingar foreldrafélagsins í mentor. Gagnrýni hefur borist vegna sendinga.
  - b) Nýtt form á Vorskóla, nemendur verðandi 1. bekkjar boðið að koma í skólann 18. maí kl. 14.30 í húsnæði 1. bekkjar. Foreldrum boðið í kaffisjall og fræðslu á bókasafninu á meðan.
  - c) Fræðslufundur á vegum Grunnstoðar haldinn í Sjálandsskóla mánudaginn 15. maí kl. 20.00.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.55.

Fundarritari Margrét Harðardóttir skólastjóri.